

# Eflaust glæsilegt

Tónlist ★★★★★

## Trío Reykjavíkur

Hafnarborg

Ónefndur gagnrýnandi hneykslaðist einu sinni á því að Trío Reykjavíkur skyldi ekki halda tónleika sína í Reykjavík.

Tríóið kemur jú alltaf fram í Hafnarborg í Hafnarfirði og hefur gert það frá byrjun, eftir því sem ég best veit. Mér finnst það fínt. Hafnarborg, sem er gallerí, er skemmtilegur tónleikasalur. Salurinn er svo opin og víður, en samt er maður í notalegri nálægð við tónlistarfólkið. Gunnar Kvaran, sellóleikari Tríósins, kynnir ætíð dagskrána og gerir það vel. Hann hefur þægilegan talanda, er hátíðlegur – en þó er stutt í kímnina. Stemningin er eins og að vera heima í stofu hjá listafólkinu. Ekki í kuldalegum, ópersónulegum tónleikasal. Þetta eru kammertónleikar, þ.e. stofutónleikar í orðsins fyllstu merkingu.

Tónleikarnir á sunnudagskvöldið voru engin undantekning. Dagskráin hófst á stórbrotnu verki eftir Beethoven, Erkihertogatríóinu svo-



kallaða. Það heitir þessu nafni eftir erkihertogunum í Austurríki. Hann sótti tónsmíðatíma hjá Beethoven sem tileinkaði honum verkið. Tónskáldið spilaði á píanóið þegar tríóið var frumflutt og það heppnaðist vægast sagt illa. Beethoven var að verða heyrnarlaus, og hann lamdi píanóið til að heyra í sjálfum sér. Þetta var í síðasta sinn sem hann kom fram opinberlega sem píanóleikari.

Flutningurinn nú tókst mun betur! Peter Maté, píanóleikari hópsins, spilaði mjúklega, en samt af vídeigandi krafti, leikur hans var skýr og öruggur og í prýðilegu jafnvægi við raddir hinna hljóðfæranna. Þau Gunnar Kvaran og Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari léku líka fallega, af fólksvalausri einlægni og næmri tilfinningu fyrir framvindu og heildarmynd tónsmíðarinnar. Útkoman var sérlega líflæg; þetta var grípandi túlkun.

Nýtt verk leit dagsins ljós á tónleikunum, „Eflaust“ eftir Halldór Smárason. Undirtitillinn var „gera allir einhvern tímann hluti sem þeir síðar sjá eftir“. Halldór er fæddur 1989 og sigraði í samkeppni sem Trío Reykjavíkur efndi til á meðal tónsmíðanema í Listaháskólanum. Tónlistin hans var flott, byggðist á áleitnum hugmyndum sem þróuðust

skemmtilega. Þær fóru í gegnum spennandi umbreytingar og hlutu óvænt örlög, sem samt voru rökrett. Dramað sem titillinn vísaði til skilaði sér í sannfærandi strúktúr, óhugnanlegum á köflum. Halldór er greinilega efnilegt tónskáld.

Lokaatriði dagskrárinnar var hið kraftmikla tríó op. 67 eftir Sjostakóvitsj, ein aðgengilegasta kammertónsmíð tónskáldsins. Hún er tileinkuð minningu vinar hans, Ivan Sollertinsky. Hann var gyðingur og Sjostakóvitsj byggði því hluta verksins á klezmer-tónlist, eins konar þjóðlegri danstónlist gyðinga. Í verki Sjostakóvitsj er sorgin þó yfirgnæfandi og líka óhugnaður. Enda lést Sollertinsky árið 1944, þegar fréttir voru farnar að berast af örlögum ótal gyðinga í fangabúðum nasista.

Þessi myrka stemning var heillandi í meðförum Tríósins. Túlkunin var tilfinningaþrungin, og tæknileg atriði á borð við samspil, hraðar tónahendingar og óljós, en merkingaþrungin blæbrigði, voru glæsilega útfærð. Óneitanlega var þetta rafmagnaður flutningur.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Vel samsett dagskrá, vandaður flutningur og nýtt, spennandi verk var frumflutt.